

## Enska 5.-7.bekkur

Námsþáttur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur
Hlustun	<p><b>Við lok 2. stigs getur nemandi (skv. Aðalnámskrá grunnskóla bls. 125-131):</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>○ Skilið talað mál um efni er varðar hann sjálfan, áhugamál hans og daglegt líf þegar talað er skýrt og áheyrilega.</li> <li>○ Skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í ræðu og riti.</li> <li>○ Fylgt þræði í aðgengilegu fjölmiðlaefni og efni dægurmenningar sem höfðar til hans og getur sagt frá eða unnið úr því á annan hátt.</li> <li>○ Hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur, eins og t.d. tilkynningum og leiðbeiningum við kunnuglegar aðstæður og brugðist við með orðum eða athöfnum.</li> </ul>		
Nemandi:	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Geti fylgt með og skilið einfalt hlustunarefni sem tengist daglegu lífi, áhugamálum o.þ.h.</li> <li>• Geti svarað spurningum, sagt frá eða unnið úr á annan hátt því sem hlustað er á.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Geti fylgt þræði í einföldu hlustunarefni sem tengist daglegu lífi og viðfangsefnum námsins og unnið úr.</li> <li>• Geti greint á milli aðal- og aukaatriða við hlustun s.s. hlustað eftir vissum upplýsingum og brugðist við með orðum eða athöfnum.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Geti fylgt þræði í enskum sjónvarpsþáttum og/eða kvikmyndum með íslenskum texta og svarað spurningum, sagt frá eða unnið úr á annan hátt.</li> <li>• Geti hlustað á og skilið samtöl og viðtöl og unnið úr.</li> </ul>
Lesskilningur	<p><b>Við lok 2. Stigs getur nemandi (skv. Aðalnámskrá grunnskóla bls. 125-131):</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>○ Lesið sér til gagns og ánægju auðlesna texta af ýmsum gerðum um daglegt líf og áhugamál sem innihalda algengan orðaforða og beitt mismunandi lestraraðferðum eftir eðli textans og tilgangi með lestrinum.</li> <li>○ Skilið megininntak í aðgengilegum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla og brugðist við og fjallað um efni þeirra.</li> <li>○ Fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu.</li> <li>○ Lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og tímarit ætluð ungu fólki og fjallað um efni þeirra og skilið leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf, t.d. tómstundir og ferðalög.</li> </ul>		
Nemandi:	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Geti lesið einfalda, stutta texta og unnið úr.</li> <li>• Geti fundið lykilupplýsingar í einföldum texta og nýtt í verkefnavinnu.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Geti lesið lengri og flóknari texta og unnið úr.</li> <li>• Geti lesið sér til gagns auðlesnar bækur og tímarit sem hæfa aldri hans.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Geti lesið fjölbreytta texta ítarlega og af öryggi, fundið upplýsingar og unnið úr.</li> <li>• Skilji megininntak í frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla og brugðist við og fjallað um efni þeirra.</li> <li>• Geti skilið leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf, t.d. tómstundir og ferðalög.</li> </ul>

<b>Samskipti</b>	<b>Við lok 2. Stigs getur nemandi (skv. Aðalnámskrá grunnskóla bls. 125-131):</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>○ Sýnt fram á að hann er nokkuð vel samræðuhæfur um efni sem hann þekkir vel, beitir máli, framburði, áherslum og hrynjandi af nokkru öryggi, skilur og notar algengustu orðasambönd daglegs máls og viðeigandi kurteisivenjur og kann aðferðir til að gera sig skiljanlegan, t.d. með látbragði.</li> <li>○ Tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf.</li> <li>○ Bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verzlunum, á veitingastöðum og á ferðalögum.</li> <li>○ Notað málið sem samskiptamiðil í kennslustundum og undirbúið, tekið og veitt viðtal.</li> </ul>		
Nemandi:	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Geti tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Geti notað málið sem samskiptamiðil í kennslustundum.</li> <li>• Geti undirbúið, tekið og veitt viðtal.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Geti, af öryggi, tekið þátt í samræðum um daglegt líf.</li> <li>• Geti bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verzlunum og á ferðalögum.</li> <li>• Geti beitt framburði, áherslu og hrynjandi af nokkru öryggi.</li> </ul>

<b>Menningarläsi</b>	<b>Við lok 2. stigs getur nemandi (skv. Aðalnámskrá grunnskóla bls. 125-131):</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>○ Sýnt fram á að hann þekkir til og skilur allvel ákveðin lykileinkenni í menningu viðkomandi mál- og menningarsvæðis sem snúa að daglegu lífi og aðstæðum íbúanna, einkum ungs fólks og getur sett sig í þeirra spor.</li> <li>○ Sýnt fram á að hann þekkir til siða og hefða viðkomandi mál- og menningarsvæða og getur borið saman við eigin menningu.</li> <li>○ Sýnt fram á að hann áttar sig á skyldleika erlenda málsins við íslensku, eigið móðurmál eða önnur tungumál sem hann er að læra.</li> </ul>		
Nemandi:	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Kynnist því hvar enska er töluð.</li> <li>• Skilji mikilvægi þess að geta skilið og talað ensku.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Átti sig á skyldleika ensku við önnur tungumál.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Kynnist menningu, siðum og venjum valinna enskumælandi svæða og getur borið saman við eigin menningu.</li> </ul>

Frásögn	<p><b>Við lok 2. stigs getur nemandi (skv. Aðalnámskrá grunnskóla bls. 125-131):</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>○ Tjáð sig um það sem við- kemur daglegu lífi hans og því sem stendur honum nærri á vel skiljanlegu máli hvað varðar málnotkun, framburð, áherslur og orðaval.</li> <li>○ Sagt hnökralítið frá reynslu, framtíðaráformum og eigin skoðunum.</li> <li>○ Greint frá og lýst atburðum og athöfnum með stuðningi gátlista, tónlistar, mynda o.s.frv.</li> <li>○ Flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.</li> </ul>		
Nemandi:	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Geti tjáð sig um eigin reynslu og skoðanir á vel skiljanlegu máli.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Geti greint frá og lýst atburðum og athöfnum með stuðningi t.d. gátlista eða mynda.</li> <li>• Geti tjáð sig um nærumhverfi sitt.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Geti undirbúið og flutt einfalda kynningu á efni sem tengist náminu.</li> <li>• Geti flutt tilbúið eða frumsamið efni t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.</li> </ul>
Ritun	<p><b>Við lok 2. stigs getur nemandi (skv. Aðalnámskrá grunnskóla bls. 125-131):</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>○ Skrifað samfelldan texta um efni sem hann þekkir, beitt grunnreglum málfræði og stafsetningar nokkuð rétt, sýnt fram á allgöð tök á daglegum orðaforða og orðaforða sem unnið hefur verið með, skapað samhengi í textanum og notað til þess algengustu tengiorð og greinarmerki.</li> <li>○ Skrifað texta af mismunandi gerðum, með stuðningi, t.d. gátlista og fyrirmýnda og hagað máli sínu í samræmi við inntak og viðtakanda.</li> <li>○ Sagt nokkuð lipurlega frá og brugðist við því sem hann hefur lesið, séð eða heyrt.</li> <li>○ Lýst atburðarás eða því sem hann hefur upplifað og notað orðaforða sem lýsir þróun, hraða, eftirvæntingu o.s.frv.</li> <li>○ Samið texta þar sem ímyndunaraflið fær að njóta sín.</li> </ul>		
Nemandi	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Geti skrifað texta um efni sem hann þekkir.</li> <li>• Þekki til algengustu tengiorða og greinarmerkja.</li> <li>• Geti skrifað einfalda texta með hjálp gátlista.</li> <li>• Þekki helstu nafnorð í sínu nærumhverfi.</li> <li>• Þekki óákveðinn og ákveðinn greini.</li> <li>• Þekki persónu-og eignarfornöfn.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Geti skrifað samfelldan texta um efni sem hann þekkir og beitt grunnreglum málfræði og stafsetningar nokkuð rétt.</li> <li>• Geti sýnt fram á góð tök á daglegum orðaforða.</li> <li>• Geti skrifað einfalda texta af mismunandi gerðum.</li> <li>• Þekki og geti notað nútíð og þátíð sagna.</li> <li>• Þekki og geti notað eintölu og fleirtölu nafnorða.</li> <li>• Þekki og geti notað stigbreytingu lýsingarorða.</li> <li>• Þekki og geti notað persónu-og eignarfornöfn.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Geti skrifað samfelldan texta um efni sem hann þekkir og beitt grunnreglum málfræði og stafsetningar nokkuð rétt.</li> <li>• Geti sýnt fram á góð tök á daglegum orðaforða og skapað samhengi í texta.</li> <li>• Geti unnið með algengustu tengiorð og greinarmerki við textagerð.</li> <li>• Geti hagað máli sínu í samræmi við inntak og viðtakanda.</li> <li>• Geti sagt nokkuð lipurlega frá og brugðist við því sem hann hefur lesið, séð eða heyrt.</li> <li>• Geti lýst atburðarás eða því sem hann hefur upplifað og notað orðaforða sem lýsir þróun, hraða, eftirvæntingu o.s.frv.</li> <li>• Geti nýtt helstu málfræðireglur.</li> </ul>